

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1 gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir, skal vera frjáls:

Tollskrá

Kafli nr.:	Vörutegund:
01.01.00—	
01.06.29	Lifandi dýr.
02.01.10—	
02.01.50	Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst, þó ekki hvalkjöt og hvalrengi.
02.05.00	Svínafiti án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10—	
02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur) saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00—	
04.07.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg, ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a., þó ekki 04.06.00, náttúrulegt hunang.
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til apríl.
07.01.10	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09.01.11	Kaffi, brennt, einnig kaffeinsneytt.
09.01.20	Kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi.
úr 11.01.25	
úr 11.01.26	Rúgmjöl, þó ekki hálfsgítmjöl.
15.01.00	Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð.
15.02.00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd. Einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus“).
15.03.00	Svínafeitisstærin (lardstærin), oleosterin (pressutólg), svínafeitisolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
15.13.00	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.
16.01.00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði.
16.02.00	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
17.01.21	
17.01.22	Molasykur.
17.01.23	
17.01.24	Stráskykur.

	Tollskrá
	Kafli nr.: Vörutegund:
	17.04.01
	17.04.03—
	17.04.09 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.
úr 18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó.
21.05.02	Jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúrgang.
úr 21.07.09	Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkurís.
22.04.00	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
27.09.00	Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar.
27.10.10	Jarðolía, hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
27.10.29	Annað bensín en flugvélabensín.
27.10.40	Gasolía (distillate fuel).
27.10.50	Brennsluolía (residual fuel oil).
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
úr 96.02.01	
úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþvögur, á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða, um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan, skulu sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að versla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frílistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að versla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Til tollafgreiðslu þeirra vara, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, þarf innflutningsleyfi, en heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárnúmer, sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 5 000 kr. verðmæti í hverri ferð, enda hafi

þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarandi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 1 500.00 við hverja komu.

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 6 5. janúar 1973, um innflutnings- og gjaldeyrisleifyfi, með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Dórhallur Ásgeirsson.

17. desember 1974.

Nr. 371.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1975:

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1975
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	kr. 10 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	
17.04.05	Karamellur	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neysluvörur, sem í er kakaó	— 90 000 000
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samandið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	
úr 96.02.01		
úr 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþurrkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	— 8 000 000

Fyrsta úthlutun innflutningsleyfa fyrir þessum vörum fer fram í febrúar n. k. Umsóknir skulu hafa borist Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1975.

Viðskiptaráðuneytið, 17. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Dórhallur Ásgeirsson.